

Námsáætlun í Íslandi, samfélagi

Bekkir: 1E, 1F, 1G og 1

Kennarar: Anna Sigríður Davíðsdóttir (anna@ma.is), Arnar Már Arngrímsson (ama@ma.is), Guðjón H. Hauksson (gudjon@ma.is), Heimir Björnsson (heimir@ma.is), Jónína Helga Þórólfsdóttir (jonina@ma.is) og Valdimar Gunnarsson (valdimar@ma.is)

Ísland (samfélag) er áfangi á fyrsta ári. Honum er ætlað að auka áhuga, þekkingu og skilning nemenda á íslensku samfélagi, sögu þess og tungu. Í Íslandsáfanganum er höfuðáhersla lögð á að nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð við fjölbreytta verkefnavinnu. Nemendur læra að nýta upplýsingatækni í námi sínu, þjálfast í að vinna með öðrum, þurfa að sýna frumkvæði og læra að bera ábyrgð á eigin námi. Sérstök áhersla er lögð á lestur og að nemendur þjálfist í að beita móðurmálinu, bæði í ræðu og riti. Áfanginn byggist að miklu leyti á verkefnavinnu í kennslustundum undir leiðsögn kennara og snúa verkefni fyrst og fremst að samfélagi og sögu. Námið fer fram utan skólans sem innan og sækja nemendur sér fróðleik og gögn á fjölbreytta vegu, m.a. í vettvangsferðum.

Markmiðin með áfanganum eru þessi:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu grunnhugtökum félagsfræðinnar, s.s. gildum, viðmiðum, félagslegu taumhaldi og félagsmótun
- sögu Menntaskólans á Akureyri og skólasögu Íslands í grófum dráttum
- byggðaþróun og atvinnulífi í eigin heimabyggð
- hvernig hægt er að hafa áhrif á eigið samfélag
- ýmsum sögulegum og félagsfræðilegum viðfangsefnum sem eru að einhverju leyti mismunandi frá ári til árs

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- koma fram fyrir aðra og tala máli sínu á skýran og greinargóðan hátt
- skrifa vandaðan texta samkvæmt reglum íslensks máls
- afla sér upplýsinga sem tengjast efni áfangans með viðeigandi aðferðum (geti nýtt sér bóksöfn, upplýsingar á vef, viðtöl, o.fl.)
- vinna með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni (hæfni) sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna hugkvæmni við lausn verkefna
- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum
- sýna ábyrgð gagnvart náminu og skólanum
- meta upplýsingar og vinna með þær á þann hátt að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms, m.a. við ritun heimildaritgerða, kynninga og annarra verkefna
- líta gagnrýnum augum á samfélagið og jafnvel taka þátt í að reyna að breyta því til hins betra

Efnisgjald: Nemendur greiða 10 þúsund krónur fyrir Íslandsáfangana. Innifalið í efnisgjaldi er bókin *Tvískinnna* eftir Davíð A. Stefánsson (sem nemendur fá til eignar), ljósritun efnis, ferðakostnaður o.fl.

Gert er ráð fyrir að nemendur eigi kennslubókina *Hagnýt* skrif eftir Gísla Skúlason.

Nemendur þurfa að útvega sér tvær kjörbækur á önninni.

Í áfanganum eru fjögur meginþemu: Skólinn, atvinnulíf og byggðasaga, upplýsingasamfélagið og íslensk stjórnsmál.

Námsmat:

Skólinn	11%
Heimabyggðin	15%
Húsin í bænum	5%
Upplýsingasamfélagið	12%
Áhrif mín á samfélagið	12%
Kjörbók I	3%
Kjörbók II	4%
Vikuskýrslur	6%
Mappa, virkni, ástundun	20%
Lokapróf	12%

Lokaverkefni verða haldin í próftímanum í lok annar sem nemendur þurfa að standast til þess að ná áfanganum.

Nemendur verða að skila að lágmarki 95% verkefna til þess að standast áfangann. Mikilvægt er að skila öllum verkefnum á réttum tíma.

Tímaáætlun

Vika	Dags	Þema
1. – 4.	1. – 24. febrúar	Skólinn
5. – 8.	5. – 23. mars	Heimabyggðin. Siglufjarðarferð.
9. – 11.	26. mars – 20. apríl	Upplýsingasamfélagið
12. – 14.	23. apríl – 11. maí	Stjórnsmál
15. – 16.	14. – 23. maí	Tímajöfnun og uppgjör

Þessi námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar